

Interior Radiator Finish

Flügger Interior eru vatnsleysanlegar vörur til lokameðhöndlunar á viði og málm innanhúss. Vörurnar eru einfaldar í notkun og ljá yfirborðinu fallega lakkáferð.

Vörulýsing

Hitapólin akrýlenamel með þunnri, mjúkri áferð og góðri samfellu. Mælt með fyrir miðstöðvarofna og hitarör og þolir hitastig allt að 80 °C.

- Góð samfella
- Hart yfirborð
- Polir viðvarandi hita



Notkunarmöguleikar

Fyrir ryðvarið járn og málm

Undirlag

Verður að vera hreint, þurr, þétt og henta til yfirborðsmeðhöndlun.

Meðhöndlun

Efni sem loðir laust við og umframmálning eru fjarlægð með þússun og hreinsun.

Óhreinindi, bletti, fitu og smitandi efni skal fjarlægja með Fluren 37.

Grunnmálið óvarið járn og málm með Metal Pro Multiprimer.

Hart, gljáandi undirlag er slípað matt og grunnmálað eftir þörfum með Fix Primer.

Berið aðeins á kalda yfirborðsfleti. Ef fletir eru heitir myndar málningin ekki slétta og samfellda þekju.

Berið 1–2 umferðir á. Sumir litatónar krefjast fleiri umferða.

Notkun

Borið á með pensli, rúllu eða sprautu

Val á verkfærum ætti að ráðast af kröfum um endanlegt útlit

Notið „blautt á blautt“-aðferð við málunina og strjúkið penslinum ævinlega í sömu átt

Notið alltaf efni með sama lotunúmeri fyrir samliggjandi eða órofna yfirborðsfleti

Endanleg útkoma getur verið lítillega mismunandi, eftir gerð og byggingu yfirborðs efna

Kuldi eða hiti getur haft áhrif á seigju efnisins

Hitastig efnis þegar því er sprautað á verður að vera minnst 12 °C

Rakauppsöfnun má ekki eiga sér stað á meðan efnið þornar/harðnar

Kuldi og aukinn loftraki lengir þornunartímann, herðingartímann og tímann sem líður milli umferða

Hærrí lofthiti og lítil loftraki stytta þornunartímann og herðingartímann

Gerði ævinlega prufu til að kanna viðloðun og endanlegt útlit

Væntanleg útkoma

Hálfgljáandi hitapólið yfirborð.

Góð samloðun með lakk áferð.

Polir venjulegan sótthreinsun og þrif með alhliða þvottaefni, mjúkum bursta, vatni og klút.

Kemur ekki í veg fyrir skemmdir vegna kvista, vatnsleysanlegra litarefna, vatnsbletta og nikótínbletta.

Forðist álag á yfirborðið þar til málningin er fullkomlega þurr.

Umhverfisupplýsingar

Fjarlægð sem mesta málningu af verkfærunum og þrifið þau svo með vatni. Hellið ekki leifum af fljótandi málningu í niðurföll heldur farið með leifarnar á næstu endurvinnslustöð. Lágmarkið leifar og sorp eftir málun með því að reikna út nauðsynlegt magn áður en verkið hefst. Geymið umframálningu með réttum hætti til að hægt sé að nota leifar síðar og lágmarka þannig umhverfisáhrif.

Geymsla: Geymist vel lokað á svölum og frostlausum stað

Viðbótar upplýsingar

Skráð í gagnagrunn fyrir vistvænar byggingarvörur á Norðurlöndunum (Nordic Ecolabelling Building Products Database), sem er skrá yfir vörur sem er heimilt að nota við Svansmerkt byggingarverkefni.

Tæknilegar upplýsingar

| | |
|---|---|
| Vara | Akrýllakk |
| Gljái | 40;Hálf-gljáa |
| Eðlisþyngd (kg/l) | 1.26 |
| Þurrefnisinnihald vigt % | 48 |
| Þurrefnisinnihald rúmmál % | 33 |
| Efnisnotkun (m ² /ltr.) | 10 |
| Lágm. vinnuhitastig við notkun og þornun/hörðun | Min. +10°C |
| Loftraki | Hám. loftraki 80% RH. |
| Þurrktími við 20°C, 60% RH (Tímar) | 1 |
| Fullharðnað Þurrktími við 20°C, 60% RF | 12 |
| Fullharðnað Þurrktími við 20°C, 60% RF | 28 |
| Þvottheldni í samræmi við EN-13300/ISO-11998 | Class 1 |
| Þynning | Með vatni. Þynnið með allt að 10% vatni við úðun. |
| Þrif á verkfærum o.s.frv. | Vatn |

Núverandi TDS útgáfa

desember 2021

Í staðinn fyrir TDS útgáfu

maí 2021